

## Skólaráðsfundur 26.4. 2022

**Mættir:** Ágúst F Jakobsson skólastjóri, Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastjóri Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Halla Björg Björnsdóttir fltr. starfsfólks, Guðrún Yrsa Richter og Hrefna Marín Sigurðardóttir fltr. foreldra.

### Dagskrá:

#### 1. Breytingar á skóladagatali 2022-2023

Óskað eftir samþykki fyrir því að færa starfsdag sem er 20. september fram til 27. október og færa samtalsdaginn sem þá er dagsettur til 26. október. Óskað er eftir þessu vegna fyrirhugaðrar námsferðar til London á námskeið og í skólaheimsóknir vegna þróunar á leiðsagnarnámi. Tilfærsla samþykkt af skólaráði og skólastjóri mun í framhaldinu senda erindi til skólanefndar.

#### 2. Húsnæðismál

Skólaráð leggur áherslu á að farið verði í heildarúttekt á húsnæði Flataskóla til að tryggja að ekki leynist óþekkt mygla á fleiri stöðum í húsnæðinu.

Skólaráð fer fram á að skýrslur vegna fyrri úttekta og framvegis verði aðgengilegar foreldrum.

Skólaráð vill koma á framfæri áhyggjum sem fram komu á opnum fundi skólaráðs þann 19.4. 2022 vegna kennslu nemenda Garðaskóla í norðurálmú Flataskóla. Mikilvægt er að góð gæsla verði með nemendum svo þeir hafi ekki áhrif á skólabrag í Flataskóla.

#### 3. Undirbúningur næsta skólaárs

Fækkun nemenda hefur áhrif á kennslumagn. Sótt hefur verið um aukið fjármagn vegna óhagstæðs fjölda í nokkrum árgöngum svo þeir geti verið í þremur hópum í stað tveggja. Beðið er eftir svörum áður en hægt er að lenda því hversu margir hópar/bekkir verða í hverjum árgangi.

Röðun í hús er í ferli ekkert fast í hendi enn en samræða í gangi og röðun í teymi er að fara í gang. Stefnt að því að ljúka þessu fyrir miðjan maí.

Stundatöflugerð bíður þar til framangreindum þáttum er lokið.

#### 4. Viðmiðunarstundaskrá

Litlar breytingar verða en örlítil aukning á list- og verkgreinum hjá yngstu árgöngunum, 60 mín. tímar verða 80 mín.

Hugmyndir um að breyta fjölvali þ.e. skipta hópnum í þrennt og hafa tímabilin lengri svo hægt sé að skipuleggja dýpra nám. Annars haldið í sömu markmið og hafa verið með fjölvalinu.

## **5. Niðurstöður kannanna**

Farið yfir Skólapúlsinn, nemendakönnun og starfsmannakönnun. Margt gott í nemendakönnun og ekkert sérstakt sem þarf að huga sérstaklega að, Flataskóli kemur mjög vel út í flestum matsþáttum. Smávægileg niðursveifla í nokkrum þáttum í allra síðustu fyrirögn nemendakönnunar (alltaf smá sveiflur þar sem könnunin er lögð fyrir lítil úrtök yfir skólaárið) og það þarf að fylgjast með að það sem fór niður á við núna í síðustu fyrirögn haldi ekki áfram að fara niður.

Varðandi starfsmannakönnun eru áhyggjur af svörum varðandi upplifun starfsmanna af mismunun vísbendingum um einelti í starfsmannahópnum. Þetta þarf að ræða, greina og skilja til að geta gert betrubætur. Sama á við um stuðning næsta yfirmanns of margir upplifa að þeir hafi ekki stuðning hans.

## **6. Kynning á þróunarverkefnum.**

Flataskóli sótti um styrk í þróunarsjóð Garðabæjar fyrir sjö þróunarverkefni, sex þeirra fengur styrk.

Þrjú verkefnanna snúa að leiðsagnarnámi, eitt að matsramma í lestri, eitt um námsefni fyrir breakeout kassa og eitt um að draga úr loftslagskvíða barna, það er samstarfsverkefni starfsmanna við Flataskóla og Hofsstaðaskóla.